

Hinrik Bjarnason

Forseti.

Góðir félagar, kærur gestir.

Gleðilega hátíð.

Það er mér ánægja og heiður að fá tækifæri til þess að ávarpa ykkur á þessum merkisdegi í sögu klúbbs okkar – og sögu okkar sjálfra. Það skipti mig máli er ég varð félagi í Rótarýklúbbum Reykjavík – Breiðholt og sú staða er óbreytt eftir rétta tvo áratugi. Hið víðfeðma heimsfélag, okkar þetta klúbbsamfélag, hefur haft mikla þýðingu fyrir mig og umhugsunin um þá þýðingu gefur mér kærkomið tækifæri til þess að orða hér nokkrar íhuganir um veru okkar í samfélagi manna – og um sambúðina við okkar innri mann.

Mín fyrsta reynsla af skipulögðu félagsstarfi varð þegar ég var tíu-tólf ára og gekk í barnastúkuna Fyrirmyndin no. 83 á Stokkseyri. Gæslumaður hennar þá var sá mikli hugsjónamaður og mannvinnur, séra Árelíus Níelsson. Það var frábærlega lærdómsríkt og gaman fyrir börn og unglinga að starfa með honum, og það reyndist mörgum traust og mótandi veganesti. Ég segi ekki að inngönguheit mitt, skuldbinding ungtemplara, hafi verið haldið að fullu æ síðan, en ég hef aldrei gleymt því og það hefur ruggað rækilega við mér við af og til. En frá þessari inngöngu í barnastúkuna Fyrirmyndin um miðjan 5. áratug síðustu aldar hef ég starfað í félögum. Reynsla mín af félagsstarfi nær því brátt yfir 70 ára bil og gott að geta nefnt það í spyrðu með öðrum afmælum. Við höldum upp á þrítugsafmæli klúbbsins og á dögnum varð Morgunblaðið 100 ára. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það afmæli og mundi ekki nefna það á nafn ef ekki væri fyrir þá sök, að í afmælisblaðinu 30. nóvember síðastliðinn birtist eitt og annað sem kemur okkur félögum í Rótarýklúbbum Reykjavík-Breiðholt við, reyndar má að þessu leyti líta á afmælisblaðið sem skyldulesningu fyrir alla þá, sem sérstaklega bera hag Breiðholtsins fyrir brjósti auk þess að horfast í augu við sinn innri mann. Ég nefni fyrst tvö viðtöl við eina hverfisstjórnann í borginni, Óskar Dýrmund Ólafsson. Hann lýsir uppvexti sínum í hverfinu og starfi sínu þar nú. Ég vitna í upphafsummæli hans í öðru viðtalinu:

“Breiðholtið er fjölmenningsamfélag og það skapar tækifæri. Hverfið er suðupottur allskonar stefna og straua þar sem ólík viðhorf og stefnur mætast. Útkoma úr slíku er alltaf áhugaverð. Hér er fólk af ýmsu þjóðerni og í raun er þetta ekki ólíkt því sem var á uppvaxtarárum mínum hér, nema hvað þá voru krakkar utan af landi í aðalhlutverki. Þau höfðu – rétt eins og útlendingar nú – ólíkan bakgrunn og því fylgdi margt skemmtilegt.”

Rík ástæða væri til að vitna í lengra máli í viðtölin við Óskar Dýrmund, í aðrar upplýsingar blaðsins um stöðu mála í hverfinu og í viðtal við Helga Kristófersson, formann íbúasamtakanna Betra Breiðholt. Vettvangur dagsins hentar þó ekki til þess, en ég hvet stjórn klúbbsins til þess að sjá svo um að Breiðholtsefni þessa blaðs sé gert aðgengilegt öllum klúbbsfélögum, sem þess óska.

En ég hef ekki sagt skilið við afmælisblað Morgunblaðsins laugardaginn 30. nóvember. Blaðinu fylgdi meðal annars kálfur með blaðhausnum Kirkjur –

kynningarblað. Þar er ritmál forsíðunnar allt hluti af ávarpi manns, sem ekki alls fyrir löngu tók að sér starf, sem hlýtur að vera eitt það ábyrgðarmesta og fyrirhafnarsamasta í landinu. Maðurinn er Páll Matthíasson, geðlæknir; hann er nú framkvæmdastjóri Landspítalans-Háskólasjúkrahúss. Fyrirsögn forsíðunnar er: Ríkt trúarlíf einkennir hamingjusama. Ávarpið var flutt er Páll þakkaði biskupi og söfnuðum landsins fjársöfnun þá, er þjóðkirkjan efndi til til kaupa á línuhraðli fyrir Landspítalann og lauk í nóvember.

Hver og einn hefur gott af því að lesa texta Páls til uppbyggingar fyrir sjálfan sig, en þar er einnig að finna athyglisverðar skoðanir hans á þátttöku í félagsstarfi. Ég fyrirverð mig dálítið fyrir að vitna aðeins samhengislaust í glefsur úr máli hans, en ætla samt að leyfa mér það. Hann segir:

“Ég hef lengi haft áhuga á hamingjunni í öllum sínum myndum. Þar er ég eflaust ekki frábrugðinn öðrum hér inni, en ég hef í starfi mínu sem geðlæknir reynt að nálgast hamingjuna með gleraugum vísinda – og fræðimannsins.”

Og nokkru síðar:

“Mér hefur alltaf þótt það sérlega áhugavert að skoða hvað það er sem einkennir hamingjusamt fólk, fólk sem er “sátt við Guð og menn” eins og sagt er. Það er tvennt, sem er sérstaklega áberandi í fari þeirra, sem hamingjusamastir eru. Annað er trúin. Sterk og heit trú og ríkt trúarlíf einkennir mjög þá, sem sátastir eru. Fyrir því eru vafalaust ýmsar ástæður; trúin boðar fagnaðarerindið og gefur fólki leið til að sjá líf sitt og hlutverk í samhengi.”

Og loks:

“Hitt atriðið, sem einkennir þá hamingjusömu getur verið óháð trú, en það er að taka þátt í óeigingjörnu félagsstarfi sem leiðir gott af sér. Það er hamingjuaukandi.”

Hér lýkur tilvitnunum mínum í texta Páls Matthíassonar. Ég hvet þá, sem ekki hafa þegar lesið hann, að gera það. Holl lesning fyrir alla, ekki síst rótarýmenn, og ég vek athygli á því að þótt Páll minnst á fagnaðarerindið er tilvísun hans til trúarbragðanna almenn.

En ummæli hans um hamingjuna og rannsóknir á því fyrirbæri leiða mig loks inn á lokaslóð þessarar ræðu. Ég minntist í upphafi á skuldbindingu ungttemplara og hef undirgengist ýmsar aðrar síðan, allt frá fermingarheiti til fjórprófs okkar rótarýmanna, sem er í sjálfu sér skuldbinding ef við viljum svo vera láta. Mér hefur orðið ljóst hve stutt er milli skuldbindingarinnar og bænarinnar, og bænin er mér nokkuð hugleikin. Bænina iðka allir á einn eða annan hátt, hún er án efa í forgöngu allra trúarbragða, fólk þarf á henni að halda og grípur til hennar í stóru og smáu, þótt trúin á mátt hennar kunni að vera misvísandi í upphafi.

“Það þýðir ekkert að biðja Guð um karamellur, Hinrik minn,” sagði móðir mín, þegar henni varð ljóst að frumatriðin í kristilegu uppeldi frumburðarins virtust hafa misskilist á þann veg að hann hélt að Guð væri innanbúðar hjá Jósteini kaupmanni.

Vafalaust hafa ýmsir sem hér eru inni staðið við grátmúrinn í Jerúsalem og orðið þess vísari að svo þétt er bænaseðlum troðið í hverja rifu milli hleðslusteina að vart verður þar við bætt notaðri eldspýtu þótt sú óvirðing við bænarahita Gyðinga sé reynd. Við erum líka minnt oftar á bænahald múslíma en flestra annarra; fjölmiðlar eru vel á verði við lok föstudagsbæna víðs vegar. Og annars staðar kemur fólk bænum sínum á framfæri með veifum, hringlum, miðum í ærlegg og ýmsu öðru sem of langt yrði upp að telja.

En af hverju er ég að minnast á þetta? Það er af því að mér sýnist bænin og trúin á mátt hennar tengjast rækilega því, sem meðal annars kemur fram í máli Páls Matthíassonar.

Það er sama hvern eða hvað er verið að ákalla, bænin er alltaf einkasamtal hvers og eins við sjálfan sig, meðvituð eða ómeðvituð tilraun til þess að auka sínum innra manni afl og þor. Bænin er dæmi um það, sem við getum rætt hljóðlega við þennan eða þessa, sem við mætum í speglinum í einrúmi snyrtingarinnar að morgni dags: “Jæja heillin! Heldurðu að þetta verði nú ekki allt í lagi hjá okkur í dag?”

Bænin fylgir okkur frá upphafi, hún smýgur um list okkar og bókmenntir allar, elsti sálmur sunginn í sinni upprunalegu textagerð í nútímanum á þjóðtungu í Norðurálfu er bæn Kolbeins Tumasonar, sem dó 1208. Auk hans langar mig til að minnast í þessu dæmi tveggja annarra skálda og þá fyrst mannsins sem Brynjólfur biskup Sveinsson heyrði bölvu húsbónda sínum svo kröftuglega á íslensku út um smiðjudyr suðrí Holstinn að hann taldi einsýnt að koma honum til mennta og í kirkjunnar þjónustu. Þar er kominn séra Hallgrímur Pétursson sem á sinni tíð orkti fleiri og máttugri bænir handa löndum sínum en flestir aðrir og hefur fyrir þær sakir staðið uppi sem eins manns áfallahjálpi heillar þjóðar í 350 ár, lengst af án mikillar samkeppni. Hans hugmynd um bænina kemur meðal annars fram í 4. passíusálmi, Samtali Krists við lærisveinana:

**Bænin má aldrei bresta þig,
búin er freisting ýmislig.
Þá líf og sál er lúð og þjáð
lykill er hún að drottins náð.**

Ég held að séra Hallgrímur hefði sómt sér mjög vel í Rótarý, og mér kæmi ekki á óvart þótt kona hans hefði haft sitt að segja í Inner-Wheel. En síðara skáldið sem ég kalla til að segja sitt um trúarviðhorf gerði það um það bil 200 árum á eftir séra Hallgrími, hafði greinilega nokkuð aðra sýn á almættið og var ef til vill reiðubúnari til einkaviðræðna fyrir framan spegilinn á snyrtingunni. Þetta var Steingrímur Thorsteinsson, sem hefði sennilega ekki orðið síðri rótarýmaður en séra Hallgrímur. Hann hafði þetta að segja:

**Trúðu á tvennt í heimi
tign sem æðsta ber:
Guð í alheims geimi,
guð í sjálfum þér.**

Svo enda ég þetta bænarinlegg á upprifjun á alþekktri sögu, sem Íslendingar hafa lengi upplifað ýmist sem fáránlega gamansögu eða aðdáunarverða helgisögn. Ég lýk máli mínu á henni vegna þess að mér sýnist að í sígildum bókmenntagerðum mikils skálds af sögunni séu á sinn hátt geymd svör við spurningum fjórprófsins, ekki síst í

þeim niðurlagsorðum, sem ég fer með. Þetta er sagan um Sálina hans Jóns míns, lítil þjóðsaga sem við öll þekkjum: Jón er að dauða kominn, hann hefur verið mörgum óþægur ljár í þúfu með jarðneskri breytni sinni og á ekki von á góðu fyrir handan. Kona hans vill ekki láta við svo búið standa, hún lætur hann geispa gólunni í skjóðu, bindur rammlega fyrir og heldur af stað til himnaríkis. Það reynist löng leið og torsótt þótt svo heppilega og merkilega vilji til að Ísland sé í göngufæri við Himnaríki; kerlingin verður margs vísari og seiglan skilar henni alla leið. En inngangan um hið Gullna hlið reynist ógreið; Jón er óvelkominn þar innandyra. Davíð Stefánsson orkti fyrst kvæðið Sálina hans Jóns míns og gerði síðan upp úr því leikritið Gullna hliðið, hvort tveggja eru sígildir hlutar af 20. aldar bókmenntum Íslendinga. Hann lýsir að lokum því úrræði kerlingar að mismuna skjóðunni inn um hið Gullna hlið og forða sér svo hið skjótasta:

.....

**Hart skall hurð í lás.
Kerling hló og tók á rás.
Heim í kot sitt, kalt og lítið,
kom hún þreytt og hás.**

**Hún veit, að öllu, er einu sinni
inn til drottins fer,
er hlíft og aldrei grýtt á glæ,
hvað guðlaust sem það er,
og ekki sá hún eftir Jóni....
En oft hún til þess fann
að skjóðan – hún var margfalt, margfalt
meira virði en hann.
En hann átti fáa að,
og einmitt fyrir það
vildi hún heldur vita Jón
í viðkunnanlegum stað.**

Kæru vinir.

Ég þakka ykkur þolinmæðina og treysti því að ef til þess óvænta morgunatviks kemur að spegilmyndin tekur frumkvæðið og spyr:

Hver ert þú eiginlega?

þá séuð þið rótarýfélagar tilbúnir til svars:

Ég? – Ég er hinn upprétti rótarýmaður.

Gleðilega hátíð!
Góðar stundir!

Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt, 30 ára afmælisfagnaður og aðventuhátíð
Grand Hótel, 14. desember 2013.